

Titill: Lestur, ritun, goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð (íslenska 1 og 2 hraðferð)

Skammstöfun: ÍSLE2AB10

Viðfangsefni: Lestur, ritun, goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð

Lýsing

Í áfanganum er farið yfir efni fyrstu tveggja áfanga í íslensku. Í áfanganum er lögð mikil áhersla á lestur. Nemendur lesa fjölbreytta texta og fjalla um þá, bæði bókmenntir og annars konar texta. Lögð er áhersla á fjölbreytt læsi, ekki síst að lesa á gagnrýninn hátt. Kennnd eru helstu hugtök sem notuð eru við að greina texta og nemendur þjálfast í að beita þeim.

Fjallað er um byggingu ritsmíða og röksemdafærslu. Lögð er áhersla á að ritun er ferli og nemendum er kennt að skrifa í skrefum. Nemendur eru þjálfast í að skrifa margs konar texta, bæði hlutlæga og huglæga, kenndur frágangur ritaðs máls og notkun hjálpargagna, svo sem handbóka, orðabóka og leiðréttingarforrita.

Grundvallaratriði málfræði eru rifjuð upp og notuð í umfjöllun um íslenskt mál, bæði lesna texta og frumsamda. Nemendur eru þjálfast í upplestri á eigin textum og annarra ásamt flutningi annars konar munnlegra verkefna. Nemendur eru þjálfast í stafsetningu og ætlast er til að þeir geti stafsett rétt með því að nota stafsetningarorðabók og leiðréttingarforrit.

Auk þessa er fjallað um mál og málnotkun og íslenskan menningararf, norræn trúarbrögð og goðsagnir og helstu æsi og ásynjur. Þar er Snorra-Edda lesin. Málið er skoðað frá ýmsum hliðum, meðal annars er farið í framburð og mállýskur, orðræðugreiningu, uppruna og skyldleika tungumála og þróun orðaforðans. Nútímabókmenntir, ljóð og laust mál, eru lesnar og ólíkir textar greindir. Ritgerðir áfangans er um skáldsögur.

Forkröfur: Íslenska úr grunnskóla með A eða B+

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum við ritgerðarsmíð.
- Helstu hugtökum sem notuð eru við að greina ljóð og laust mál.
- Heiðarlegum vinnubrögðum.
- Málfræðihugtökum og ritreglum.
- Orðaforða til að skilja texta frá ólíkum tímum.
- Mismunandi tegundum texta.
- Helstu atriðum í sögu íslensks máls frá fyrstu tíð til samtímans.
- Skyldleika íslensku við önnur mál og helstu tungumálaættir Evrópu.
- Íslenskri málstefnu.
- Íslenskum mállýskum og staðbundnum framburðareinkennum.
- Helstu persónum norrænnar goðafræði og goðsögum.
- Helstu einkennum bundins máls.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa ritgerðir sem byggðar eru á rökstuddum skoðunum.
- Ástunda heiðarleg vinnubrögð.
- Nýta sér hugtök málfræði um íslenskt mál til að efla eigin málfærni.
- Nýta sér hjálpargögn, svo sem handbækur, orðabækur og leiðréttingarforrit, til að ganga frá rituðu máli.
- Flytja eigin texta og annarra á skýran hátt.
- Nýta helstu hugtök við að greina ljóð og laust mál.
- Nýta þekkingu á sögu íslensks máls til að lesa texta frá ólíkum tímum.
- Lesa og greina ólíka texta og beita viðeigandi hugtökum.
- Miðla þekkingu sinni á efni áfangans með ólíkum aðferðum, skriflega sem munnlega.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Koma skoðunum sínum á framfæri á viðurkenndan og heiðarlegan hátt.
- Geta greint á milli ólíkra málsniða og notað viðeigandi málsnið.
- Taka þátt í umræðu, bæði færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra.
- Geta túlkað ólíkar gerðir texta og nýtt sér viðeigandi hugtök.
- Taka afstöðu til málræktar og málvöndunar með skilning og umburðarlyndi að leiðarljósi.
- Nýta þekkingu á skyldleika íslensku við önnur mál við nám í erlendum tungumálum.
- Greina aðalatriði texta og nýta þá hæfni í eigin skrifum og við skilning á textum annarra.
- Tjá sig á skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti um efni áfangans.

Námsmat

- Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og lokaprófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.